Nr. 3.
21.
febr.

# Lög til bráðabirgða

um

breyting á tilskipun fyrir Ísland um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, 2. gr., að því leyti, er snertir borgun gjaldsins af þeim vörum, sem flytjast til landsins með gufuskipum.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því það hefir verið borið upp fyrir Oss, að reglur þær, sem gæta skal samkvæmt tilskipun 26. febr. 1872, 2. gr., um borgun gjalds þess, sem fyrir er mælt um í tjeðri tilskipun, sbr. lög 11. febr. 1876, af áfengum drykkjum, sem flytjast til Íslands með skipum, sem eiga að taka leiðarbrjef, eru miklum vandkvæðum bundnar að því leyti, er snertir afgreiðslu gufuskipa, og sjer í lagi afgreiðslu póstgufuskipanna, viljum Vjer samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 11. gr., allramildilegast skipa fyrir:

Þegar vörur, sem gjald skal greiða af samkvæmt tilskipun fyrir Ísland, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febrúar 1872, sbr. lög 11. febrúar 1876, verða fluttar á íslenzka höfn á gufuskipi, skal um borgun gjaldsins farið eptir því, sem fyrir er mælt í 4. gr. tjeðrar tilskipunar, en samt skal hlutaðeigandi skipstjórnarmaður auk þeirra hleðsluskjala, sem sagt er fyrir um í nefndri gr., senda lögreglustjóranum vöruskrá eða tollskrá skipsins til eptirlits.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1877.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 21. dag febrúarm. 1877.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Foreløbig Lov

Nr. 3.
21de
Februar.

om

## Forandring i Forordning for Island om Afgift af Brændevin og andre spirituøse Drikkevarer af 26de Februar 1872 § 2, for saa vidt angaar Afgiftens Erlæggelse af de med Dampskibe indførte Varer.

---

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gjøre vitterligt: Da det er Os foredraget, at de Regler, som ifølge Forordning af 26de Februar 1872 § 2 ville være at iagttage med Hensyn til Berigtigelsen af den ved bemeldte Forordning, jfr. Lov af 11te Februar 1876, foreskrevne Afgift af de til Island med Skibe, der ere pligtige at løse Søpas, indførte Spirituosa, medføre betydelig Ulempe med Hensyn til Dampskibes og navnlig Postdampskibenes Expedition, saa ville Vi i Kraft af Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874 § 11 allernaadigst have bestemt Følgende:

Naar Varer, der ere afgiftspligtige ifølge Forordning for Island om Afgift af Brændevin og andre spirituøse Drikkevarer af 26de Februar 1872, jfr Lov af 11te Februar 1876, ankomme med Dampskib til en islandsk Havn, forholdes der med Hensyn til Afgiftens Berigtigelse efter Reglerne i bemeldte Forordnings § 4, dog saaledes at vedkommende Skibsfører foruden de i nysnævnte Paragraf foreskrevne Ladningsdokumenter har at tilstille Politimesteren Skibets Varefortegnelse eller Toldseddel til Eftersyn.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Marts 1877.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 21de Februar 1877.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*